
Ályktun um aukið samstarf í fræðslumálum á Vestfjörðum

70. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið í Hnífsdal 16. og 17. september 2025 ítrekar mikilvægi aukins samstarfs í skólamálum í samræmi við menntastefnu Vestfjarða. Þingið telur brýnt að komið verði á sameiginlegum samstarfsgrundvelli þar sem sveitarfélög á Vestfjörðum geti unnið saman að lausnum, samnýtt sérfræðinga, þekkingu og námsefni, auk þess að efla samfellu og samræmingu í skólastarfi.

Í gildi er Menntastefna Vestfjarða 2023-2040. Þar kemur m.a. fram að stuðla skuli að greiningu á þörfum fyrir sameiginlega og nútímalega skóla- og stoðþjónustu á Vestfjörðum. Þá er í stefnunni hvatt til samstarfs um stoðþjónustu og þjónustukaup þvert á skóla, líkt og ýmsa fjarþjónustu; sem og að settur verði á laggirnar sameiginlegur gagnabanki fyrir nám og aðferðir.

Skólasamfélagið á vegum vestfirskra sveitarfélaga er fjölbreytt bæði á leik- og grunnskólastigi og á svæðinu eru starfræktir öflugir tónlistarskólar. Margar þessara eininga eru smáar og að sinna verkefnum sínum hver í sínu lagi og sækja um leið nauðsynlega stoðþjónustu hver í sínu lagi. Með auknu samstarfi í skóla- og stoðþjónustu geta sveitarfélög á Vestfjörðum aukið gæði þjónustu, nýtt fjármagn betur og styrkt stoðir menntunar í landshlutanum.

Það er því mikilvægt að Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga taki til umfjöllunar með hvaða hætti megi vinna að innleiðingu Menntastefnu Vestfjarða 2023-2040 með það að markmiði að á skólaárinu 2026-2027 verði markvist farið að vinna samkvæmt stefnunni.